

# HEIMIR

I. ÁR.

WINNIPEG, DESEMBER 1904.

Nr. 8.-9.

## Gleðileg jól!



**Þ**á eru enn komin gleðileg jól! — Árið lædist og deyr, dagarnir koma og fara, maunsæfin byrjar og þver, en hverju ári fylgja þó jól. Þau eru eins og hvíldarstaður eftir langa dagleið á tímans strönd og hversu, feginsamlega þiggja ekki margir þá hvíld. Hversu gott er það ekki hjá oss í mannheimum, að vér skulum eiga þvílíka daga, er boða „frið á jörð“, þvílíkan hvíldarstað.

Yfir árið ber svo undur margt til tíðinda, oss hleðst svo mikið í skaut af ýmsu, er hryggir eða kætir. Þroski vor er ekki stór. Á heilu ári ber oss annaðhvort áfram eða til baka. Og á árinu — sem leið — eru margir viðskilnaðir, sumir sem gleymast aldrei, bætast aldrei, þó gæfan blessi oss með báðum höndum, og greiði fyrir sól um mörg ókomin ár. — Það eru máské eins margir, er skiftast á árnaðaróskum nú og þá, — en það eru líka enn fleiri reyrstráin, er stynja í aftanblænum úti á hjarninu. — — — En þar er friður á jörð!

Friður á jörð — einnig til vor! Þú tungl, þér stjörnur og þú fagrahvel — boðið frið á jörð! Færið oss friðhelg jól, yfir allan heim, til hugardapurra og hryggra manna, ríkra og snauðra hárra og lágra.

Færum friðhelg jól að hverju húsi, er oss ber, yfir land vort og þjóð, yfir hús vor og heima. —